

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 6/1997

Gunnar Smári Egilsson

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 20. mars 1997, er barst áfrýjunarnefnd 21. mars s.á., hefur Gunnar Smári Egilsson kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/1997](#), dags. 19. febrúar 1997.

Með ákvörðun samkeppnisráðs var erindi áfrýjanda vísað frá þar sem talið var að starfsmannalaun launasjóðs rithöfunda félli utan gildissviðs samkeppnislaga, sbr. 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga.

Líta ber svo á að áfrýjandi krefjist þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og málið tekið til efnislegrar meðferðar.

Samkeppnisráð krefst þess að hinn kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Aðdraganda máls þessa og meðferð samkeppnisyfirvalda er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess.

III.

Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Þar sem rithöfundar selja ritsmíð sín gegn endurgjaldi teljast störf þeirra vera atvinnustarfsemi og falla þar af leiðandi undir

samkeppnislög. Á þetta m.a. við um samninga rithöfunda við útgefendur sína.

Tímabundin greiðsla Launasjóðs rithöfunda til höfunda felur ekki í sér endursölu þeirra á ákveðnum ritverkum heldur er um að ræða styrk eða laun án ákveðins endurgjalds í formi þjónustu eða réttinda. Þar með má draga þá ályktun að umrædd listamannalaun falli ekki undir ákvæði samkeppnislaga....“

Þá kemur einnig fram í niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar að í lögum nr. 35/1991 um listamannalaun og reglugerð um sama efni sé almennt talað um „laun“ til listamanna og að launin séu miðuð við lektorslaun við Háskóla Íslands. Í greinargerð með fyrrgreindum lögum kemur ennfremur fram að launin skulu miðuð við tiltekinn launaflokk samkvæmt launatöflu BHMR. Að mati samkeppnisráðs er ljóst samkvæmt þessu að listamannalaun eru beintengd við kjarasamninga BHMR og fylgja þeim.

Loks er bent á í niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar að samkvæmt 4. gr. laga um listamannalaun skuli gefa þeim sem fá listamannalaun kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og standi launagreiðandi þá skil á iðgjaldshluta þeirra ásamt mótframlagi sínu. Þá sé þeim sem þiggi slík laun óheimilt að gegna öðru föstu starfi á meðan.

Samkeppnisráð telur samkvæmt þessu að greiðslur úr Launasjóði rithöfunda séu launagreiðslur en ekki styrkir sem leiði til þess að þær falli utan gildissviðs samkeppnislaga sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

Áfrýjandi bendir á að fjárhagslegur afrakstur af störfum rithöfunda falli til þeirra en ekki „launagreiðandans“. Styrkir úr Launasjóðnum séu því fjárstyrkir en ekki launagreiðslur samkvæmt öllum eðlilegum skýringarsjónarmiðum. Áfrýjandi bendir á að samkeppnisráð fallist á að sala rithöfunda á ritsmíðum sínum sé atvinnustarfsemi. Að mati áfrýjanda eru starfslaunin því ekkert annað en opinber styrkur sem skekki samkeppnisstöðu rithöfunda á markaðinum.

Áfrýjandi kveðst ekki vita ástæður þess að styrkir til rithöfunda úr Launasjóðnum séu miðaðir við launataxta óskylds verkalýðsfélags og styrkþegum gefinn kostur á aðild að lífeyrissjóði. Að mati áfrýjanda gæti ríkið styrkt með sama hætti hvern sem það kýs og raskað þannig samkeppnisaðstöðu á markaði.

Loks telur áfrýjandi að það skilyrði að rithöfundum sem þiggja hærri styrk en sem nemur sex mánaða launum sé óheimilt að gegna föstu starfi sé jafn eðlileg krafa hvort sem er af hálfu styrkveitanda eða launagreiðanda.

Hvað varðar málsástæður og rök samkeppnisráðs vísast til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar sbr. III. hér að framan.

IV.

Niðurstöður.

1.

Samkvæmt lögum nr. 35/1991, sbr. einnig reglugerð nr. 50/1992, veitir Alþingi árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn í samræmi við ákvæði laganna. Skulu almenn listamannalaun veitt úr fjórum sjóðum, þar á meðal launasjóði rithöfunda, sem stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með. Þriggja manna nefnd sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands úthlutar fé úr Launasjóði rithöfunda. Ákvörðun úthlutunarnefndarinnar er endanleg og verður ekki áfrýjað, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna. Starfslaun skulu veitt til hálfis eða eins árs, til þriggja eða fimm ára, sbr. 10. gr. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

2.

Ljóst er að úthlutun úr launasjóði rithöfunda til einstakra rithöfunda getur falið í sér röskun á samkeppnismarkaði þar sem rithöfundar selja ritsmíðar sínar gegn endurgjaldi. Löggjafinn hefur á hinn bóginn ákveðið að koma á launakerfi sem rithöfundar geta notið að fullnægðum vissum skilyrðum. Laun þessi eru greidd úr ríkissjóði með þeim hætti sem fram kemur í lögum um listamannalaun og fyrr er frá greint, sbr. einnig reglugerð nr. 50/1992.

Lög um listamannalaun fela í sér sérákvæði gagnvart hinum almennu ákvæðum samkeppnislaga. Þau ganga þeim því framár að því leyti sem þau hafa að geyma sérstakar reglur sem geta haft áhrif á þennan samkeppnismarkað. Það á einmitt við um þau ákvæði laganna sem kveða á um sérstök listamannalaun til rithöfunda og hvernig þeim skuli úthlutað. Af

Þessum sökum er ekki unnt að verða við kröfum áfrýjanda. Ber því að staðfesta ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar.

V.

Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/1997, dags. 19. febrúar 1997, er staðfest.

Reykjavík, 2. maí 1997.

Stefán Már Stefánsson

Inga Jóna Þórðardóttir

Andri Árnason

Rétt endurrit staðfestir;